



Gjaldskrá

vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna við fötluð börn

Kjósarhreppur greiðir stuðningsfjölskyldu fatlaðs barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarþörf. Þær styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð nr. 652/2004.

Fjárhæð greiðslna er sem hér segir:

1. fl.: Börn sem eru algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs.
Greiddar eru kr. 43.162 fyrir hvern sólarhring.
2. fl.: Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu.
Greiddar eru kr. 33.401 fyrir hvern sólarhring.
3. fl.: Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 28.286 fyrir hvern sólarhring. Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattaskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. janúar 2023.

Samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps 15. desember 2022.

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri